

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

Ríkisaðili	Kvennaskólinn í Reykjavík	Ráðuneyti	Mennta- og menningarmálaráðuneytið				
Ábyrgðaraðili	<i>Forstöðumaður: Hjalti Jón Sveinsson</i>						
A	Kjarnastarfsemi						
	<p><i>Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur bóknámsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Skólinn starfar eftir lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og gildandi námskrá. Námstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Skólinn leggur áherslu á að veita nemendum sem besta menntun í námsumhverfi þar sem þeim líður vel og læra að bera ábyrgð á námi sínu. Inntökuskilyrði eru tilgreind á heimasíðu skólans sem og reglur um námsframvindu. Skólanámskrá skólans er rafræn og í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólanámskráin skiptist í fimm kafla sem heimasíða skólans endurspeglar: Upplýsingar um skólann og starfshætti, uppbyggingu námsbrauta og námskröfur, áfangalýsingar, þjónustu fyrir nemendur og upplýsingar um námið og skólann á ensku. Skólanámskráin er í sífældri þróun og tekur breytingum ár frá ári, síðast uppfærð og yfirfarin á haustönn 2021. Skólaárið 2021-2022 er gert ráð fyrir 650 nemendum og 650 næstu þrjú árin. Á haustönn 2021 stunda 632 nemendur nám við skólann, áætlað er að 6 af þeim útskrifist í desember 2021. Teljum rétt að geta þess hér að á árinu 2021 eru 632 nemendur við nám báðar annir. Þessir nemendur eru skráðir í 20.397 einingar á vorönn sem skilar 680 ársnemendum (1 ársnemandi = 30 einingar á önn) og á haustönn taka nemendur 20.202 einingar sem skilar 673 ársnemendum.</i></p> <p><i>Með eftirfarandi áherslum í kjarnastarfsemi skólans tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um aðgang að gæðanámi og stoðþjónustu og að fleiri nemendur ljúki námi á tilskildum tíma.</i></p>						
	Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
			Skólasókn	Mætingaprósenta	4,4% óútskýrð fjarvera (hlutfall)	Undir 5% óútskýrð fjarvera	4% óútskýrð fjarvera

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

A1	Að auka ábyrgð nemenda á eigin námi				af heildartíma- fjölda)		
		Námsframvinda	Fjöldi nemenda í endurtökuprófum	50 þeytt endurtökupróf (vorönn)	45 þeytt endurtökupróf (vorönn)	40 þeytt endurtökupróf (vorönn)	
		Mat nemenda á eigin stöðu	Kennslu- og áfangamat Skólapúlsinn	88% nota upplýsingar frá kennara til að vinna með 75% telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum Virk þátttaka nemenda í tímum 5,3 (Skólapúls 2019)	90% nota upplýsingar frá kennara til að vinna með 80% telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum Virk þátttaka nemenda í tímum 5,4.	92% nota upplýsingar frá kennara til að vinna með 82% telja almennt góðan vinnufrið í kennslustundum. Virk þátttaka nemenda í tímum 5,5	

Tengist markmiði málaflokks

Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma og bæta námsframvindu.

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A1.1	Efla hópráðgjöf og námskeið á vegum stoðþjónustu skólans t.d. námstækni og prófkvíði				Haust 2021	Á hverju ári	
A1.2	Endurskoða reglur um skólasókn				Vor 2022	Haust 2022	
A1.3							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

A2	Auka gæði náms og kennslu		Líðan nemenda í skólanum	Viðhorfskannanir Skólapúlsinn	73% nemenda líður vel í skólanum	75% nemenda líður vel í skólanum	85% nemenda líður vel í skólanum.
					69% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum	75% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum	80% telja sig hluta af tilteknum hópi í skólanum
					Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum 79,4%	Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum 80%	Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum 82%
			Námsáhugi 4,8 (Skólapúlsinn 2019)	Námsáhugi 5,0 (Skólapúlsinn)	Námsáhugi 5,2 (Skólapúlsinn)		
		Viðhorf til námsframboðs í kjarna og vali (allar brautir)	Könnun fyrir nemendur á 2. og 3. ári	Ekki vitað	80% ánægð með námsframboð	85% ánægð með námsframboð	
		Þátttaka í kennslu- og áfangamati	Svarhlutfall í kennslu- og áfangamati	Ekki vitað	80% svarhlutfall	82% svarhlutfall	
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir	
A2.1	Efla nemendalýðræði innan skólans: Skólamálaþing og hádegisfundir með nemendum.				Vor 2022	Vor 2024	
A2.2	Dreifa betur prófaálagi á önn: Endurskoða dreifingu námsmatsdaga á önn í samvinnu við kennarafélag skólans.				Vor 2022	Á hverju ári	

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

A2.3							
Nr.	Markmið	H M	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
A3	Að nemendur komi vel undirbúnir til framhaldsnáms		Hlutfall og gengi nemenda í framhaldsnámi	Könnun meðal útskrifaðra nemenda	85% töldu námið í skólanum góðan undirbúning fyrir framhaldsnám	87% telja námið í skólanum góðan undirbúning fyrir framhaldsnám	90% telja námið í skólanum góðan undirbúning fyrir framhaldsnám
Tengist markmiði málaflokks							
<i>Auka gæði menntunar í framhaldsskólum</i>							
Nr.	Verkefni/aðgerðir					Upphaf	Endir
A3.1							
A3.2							
A3.3							

B Rekstrarþættir						
<p><i>Við skólann starfa nú 74 starfsmenn í 62,5 stöðugildum. Á kennsluviði starfa 54 kennara, 40 konur og 14 karlar í 45,4 stöðugildum, þar af er 2 stöðugildi í veikindaleyfi. 2 starfsmenn sem sinna kennslu eru án kennsluréttinda eða 3,3% af heildar stöðugildum í kennslu. Áfram er gert ráð fyrir nokkurri endurnýju starfsmanna á tímabilinu. Í nóvember 2021 eru 15 kennarar 60 ára eða eldri og verða 17 2023. Á kennsluviði starfa tvær konur við nemendapjónustu í 130% starfi náms- og starfsráðgjafa og í nemendapjónustu starfar einnig sálfræðingur (kk) í 40% stöðu.</i></p> <p><i>Á þjónustusviði starfa 13 starfsmenn, 5 karlar í 4,7 stöðugildum og 8 konur í 6,7 stöðugildum. 6 starfsmenn eru eldri en 60 ára og verða 6 árið 2023. Á þjónustusviði eru nú 1,7 stöðugildi í veikindum.</i></p> <p><i>Í yfirstjórn skólans eru skólameistari, aðstoðarskólameistari, fjármála- og skrifstofustjóri og námstjóri, allir í 100% stöðu. Í þeim hópi eru þrjár konur og einn karl og einn af fjórum er eldri en 60 ára.</i></p> <p><i>Gert er ráð fyrir um 650 nemendum á næstu þremur ári. Því er ekki reiknað með teljandi breytingum á starfsliði annarri en eðlilegri endurnýjun.</i></p> <p><i>Á heimasíðu skólans (www.kvenno.is) er að finna jafnréttisstefnu, jafnlaunastefnu, launastefnu, persónuverndarstefnu, samgöngustefnu, starfsmannastefnu, stefnu skólans í forvörnum, umhverfisstefnu og að auki jafnréttisáætlun, móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku, áætlun gegn einelti og ofbeldi, viðbragðsáætlun og áætlanir skólans ef upp kemur Covid smit eða grunur um smit.</i></p>						
Markmið, mælikvarðar og aðgerðir						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B1	Aukin starfsánægja	Starfsandi Vinnuskilyrði Ánægja og stolt	Staða í stofnun ársins	Starfsandi = 4,36 Vinnuskilyrði = 3,63 Ánægja og stolt = 4,51 (niðurstöður 2019)	Starfsandi = 4,5 Vinnuskilyrði = 3,9 Ánægja og stolt = 4,7	Starfsandi = 4,6 Vinnuskilyrði = 4,0 Ánægja og stolt = 4,8
		Ánægja í starfi	Starfsmannakönnun	67% mjög sammála, 33% sammála		75% mjög sammála, 25% sammála

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

		Réttlæti og jafnræði		51% mjög sammála, 45% frekar sammála.		60% mjög sammála, 40% frekar sammála.
		Hrós/viðurkenning		30% mjög eða frekar ósammála		25% mjög eða frekar ósammála
		Upplýsingamiðlun		81,5% mjög eða frekar sammála		85% mjög eða frekar sammála
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B1.1	Aðstaða til líkamsræktar fyrir starfsfólk				Haust 2021	Á hverju ári
B1.2	Mánaðarlegt yfirlit, rafrænt og veggspjald, yfir það sem er á döfinni í starfi skólans (varðandi skólastarfið og félagslíf nemenda og starfsfólks)				Haust 2021	Á hverju ári
B1.3	Sturtu og fataskiptaaðstaða fyrir starfsfólk (unnið í samvinnu við Framkvæmdasýslu – Ríkiseignir)				2022	2023
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B2	Draga úr umhverfisáhrifum	Notkun vistvænna samgöngumáta	Fjöldi samgöngusamninga	8% starfsfólks með samgöngusamning	15% starfsfólks með samgöngusamning	20% starfsfólks með samgöngusamning

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B2.1	Hleðslustöðvar fyrir rafbíla starfsfólks (unnið í samvinnu við Framkvæmdasýslu - Ríkiseignir)				2021	2023
B2.2	Hjólageymsla fyrir starfsfólk (unnið í samvinnu við Framkvæmdasýslu - Ríkiseignir)				2022	2024
B2.3						
Nr.	Markmið	Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2020	Viðmið 2022	Viðmið 2024
B3	Betri vinnuaðstæður	Endurnýjun á húsbúnaði, miðlunartækjum og aðstöðu.	Kaup á búnaði	Ný vinnuborð (upphækkanleg) og skrifborðs-stólar á vinnustöðvum starfsmanna.	Ný vinnuborð (upphækkanleg) og aukatölvuskjár hjá öllum sem vilja.	
			Fjöldi funda- og viðtalsherbergja	3 viðtals- og fundarherbergi	5 viðtals- og fundarherbergi	
Nr.	Verkefni/aðgerðir				Upphaf	Endir
B3.1	Endurskoða staðsetningu, matstofu fyrir starfsfólk og aðalskrifstofu skólans				Vor 2022	Haust 2022
B3.2	Fjölga fundar- og viðtalsherbergjum fyrir starfsfólk				Vor 2022	Vor 2023

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

Tímabil áætlunar: 2022–2024

B3.3			
-------------	--	--	--

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Almennt um skjalið

Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Henni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki/-um sem stofnun starfar eftir skv. gildandi fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að áætlunin nái utan um starfsemi aðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig aðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar er engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnumiðuð áætlun.

Pau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.

Gera má nánari grein fyrir stefnumiðaðri áætlun aðila til þriggja ára og framkvæmd hennar í viðauka.

Stefnumiðaða áætlunin verður birt á vefjum aðila og Stjórnarráðsins.

Kjarnastarfsemi

Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila, undir hvaða málaflokk/a starfsemin fellur og hlutverki við framkvæmd stefnu innan málaflokksins. Þetta er ekki hugsað sem tæmandi listi yfir lögbundin verkefni heldur yfirlit yfir eðli eða tegundir verkefna og tengingu þeirra við opinberar stefnur og áætlanir.

Eftir því sem mögulegt er skal gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum í kjarnastarfsemi aðila.

Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun kjarnastarfsemi.

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokki, sbr. fjármálaáætlun.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (*outcome*) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (*input*) aðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

HM er skammstöfun fyrir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og valkvætt er skrá númer þess heimsmarkmiðs sem viðkomandi markmið styður við. Hægt er að hafa til hliðsjónar heimsmarkmið sem skilgreind eru í markmiðatöflu í fjármálaáætlun.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar mælikvarða sem skilgreindir eru í markmiðatöflu í gildandi fjármálaáætlun.

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem áætlunin nær til.

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvernær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára. Hafa skal til hliðsjónar þær aðgerðir sem tilgreindar eru í aðgerðatöflu í gildandi fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi, sérstaklega ef þær eru á ábyrgð aðila.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinn verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.

Rekstrarþættir

Gera skal grein fyrir hvernig innra starf og skipulag ríkisaðila styður við kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Fjalla skal stuttlega um áherslur og áætlaða þróun í innra starfi s.s. stjórnskipulagi, fjármálum, mannauðsmálum (fjöldi starfsmanna, stjórnendur, starfstöðvar, áætlun aukna þörf o.s.frv.) jafnréttismálum, umhverfismálum og upplýsingatækni.

Loks skal gera grein fyrir hvernig gæði og árangur í allri starfsemi eru metin. Er starfsemi metin reglulega? Hvernig er matið framkvæmt? Hvernig er gripið til úrbóta? Í hve ríki mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?

Markmið (að hámarki 3)

Hér eru skilgreind að hámarki þrjú markmið fyrir rekstrarþætti, í viðum skilningi og almenna starfsemi aðila.

Leitast skal við að setja markmið sem miða að auknum gæðum í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti. Markmiðin ættu að taka til aukinnar skilvirkni í starfsemi ríkisaðila, umbóta á sviði mannauðsmála og umhverfismála. Sem dæmi má taka mið af áherslum um betri vinnutíma og umbótasamtal því tengt auk markmiða stjórnvalda sem miða að því að stafræn samskipti séu megin samskiptaleið við ríkið og að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040.

Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.

Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur af markmiðasetningu?

Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verður aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu upplýsinga.

Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og skilgreina töluleg viðmið fyrir næstkomandi ár auk síðasta árs sem stefnumiðaða áætlunin nær til.

Leiðbeiningar við mótun stefnu ríkisaðila í A-hluta til þriggja ára

Aðgerðir/verkefni (að hámarki 3 við hvert markmið)

Hvernig verður unnið að framkvæmd þeirra markmiða sem sett eru í áætluninni? Tilgreina skal aðgerðir eða verkefni sem eru líklegust til að sýna árangur af markmiðasetningu aðila. Gera skal grein fyrir hvenær ráðgert er að vinna hefjist og hvenær henni skal lokið.

Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum eða forgangsröðun í starfsemi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Ef um er að ræða verkefni sem ná til lengri tíma en þessi áætlun skal tilgreina þá þætti verkefna sem koma til framkvæmda á tímabilinu. Vinna við aðgerðir getur því hafist og lokið hvenær sem er innan næstu þriggja ára.

Gert er ráð fyrir að aðgerðir rúmist innan fjárveitinga og útgjaldasvigrúms aðila. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn til tiltekinna verkefna heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem aðili fær úthlutað verður ráðstafað.